

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- september 2018 -

Í stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands 2018-2019 eru:

| | | |
|-------------------------------|---------------|------------------------|
| Kristbjörg Góa Sigurðardóttir | Formaður | ProMat |
| Hulda Rafnsdóttir | Gjaldkeri | Sjúkrahúsið á Akureyri |
| Anna Blöndal | Ritari | Raftákn |
| Guðni Örn Hauksson | Meðstjórnandi | Akureyrarbær |
| Anna Lilja Benidiktisdóttir | Meðstjórnandi | Genís |

Drög að vetrardagskrá


Eftir gott sumarfrí hittist ný stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands í lok ágúst og september til að leggja drög að glæsilegri vetrardagskrá fyrir aðildarfélag GSFN. Áhersla verður lögð á stutt námskeið, áhugaverða fyrirlestra og spennandi gæðaferðir á Norðurlandi.

Markmið

Markmið stjórnar er að fjölga aðildarfélögum og auka breidd þeirra fyrirtækja sem taka þátt í starfi félagsins. Einnig að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir félagsmenn ásamt námskeiðum og gæðaferðum eins og verið hefur undanfarin ár. Heildarmarkmiðið er auðvitað að efla félagið og auka skilning félagsmanna á mismunandi þörfum og nálgun fyrirtækja við gæðastjórnun.

Gæðastund í hádeginu

Vetrarstarfið hófst með gæðastund í hádeginu sem haldin var á Greifanum þann 14. september síðastliðinn. Að þessu sinni var eitt erindi á dagskrá. Björgvin Filippusson kynnti starfssemi Kompáss þekkingarsamfélags. <http://www.kompas.is/> Fróðlegt erindi og upplagt fyrir þá sem eru að byrja að koma sér upp gæðastjórnunarkerfi að nýta sér þá þekkingu sem þarna er inni og uppsetningu skjala sem eru til staðar. Auk þessa geta öll fyrirtæki sem eru aðildarfélagar að Kompás, komið með tillögur að breytingu skjala og einnig samið ný skjöl og lagt til þekkingarsamfélagsins. Þannig nýtist sú þekking sem er til staðar og ekki þarf að finna upp hjólið mörgum sinnum.



Námskeið

Stjórn stefnir að því að halda tvö námskeið á starfsárinu. Komin er hugmynd að námskeiði í febrúar en gott væri að fá ábendingar frá félagsmönnum um námskeið á haustmisseri sem fyrst, fyrri hluti nóvember er tíminn sem horft er til. Vinsamlegast sendið okkur ábendingar vegna námskeiða sem þið hafið áhuga á að sækja á netfangið: gaedastjornun@gmail.com .

Hafið samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfíð okkar er gaedastjornun@gmail.com . Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins <http://gaedastjornun.weebly.com/> og Facebook aðildarfélagasíðuna okkar [Gæðastjórnunarfélag Norðurlands](#). Einnig hvetjum við félagsmenn til að fara inn á opinbera Facebooksíðu félagsins, setja “like” á síðuna og deila sem víðast og oftast. Þetta er linkur á síðuna [Gæðastjórnunarfélag Norðurlands](#) .

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands.

Góa, ProMat - Hulda, SAK - Anna, Raftákn - Guðni, Akureyrarbæ - Anna Lilja, Genís